



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/990**  
**komudagur 10.2.2012**

## Umsögn um þingskjal 498 – 385. mál

### Tillaga til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu

#### Almennt um þingsályktunartillöguna

Stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga tekur undir þá markmiðssetningu sem fram kemur í þingsályktunartillögunni og mælir með því að hún verði samþykkt.

Stjórnin vill þó vekja athygli á tveimur atriðum sem tengjast stefnumótun á öðrum sviðum og nauðsynlega þurfa að falla að þeirri markmiðssetningu sem fram kemur í þingsályktunartillögunni, eigi þau að ná fram að ganga með þeim hætti sem stjórnin telur mikilvægt.

- Að mati stjórnarinnar er mikilvægt að við fjárfestingar erlenda aðila í atvinnulífinu, ekki siður en innlendra, hafi stjórnvöld virka stefnu varðandi auðlindanýtingu og jöfnun samkeppnisskilyrða sem tryggja möguleika einstakra byggðarlaga og landssvæða til að nýta styrkleika sína og náttúrulegar aðstæður til uppbyggingar atvinnulífs. Í sjálfri þingsályktunartillögunni er enga slíka hugsun að finna. Hins vegar má segja að gagnstætt sjónarmið komi fram í fylgiskjali II þar sem beinlínis er varað við því að byggðasjónarmið (sem raunar eru þar kölluð sérhagsmunir einstakra byggðarlaga) hafi áhrif á staðsetningu atvinnuuppbyggingar. Stjórnin er þeirrar skoðunar að verði slík sjónarmið ekki höfð með þegar heildarmyndin er skoðuð verði hér eftir sem hingað til fyrst og fremst um að ræða atvinnuuppbyggingu í þéttbýlinu á suðvesturlandi með tilheyrandi búseturöskun í landinu sem kosta mun þjóðarþúið ómældar fjárhæðir og leiða til verri nýtingar landsins gæða.
- Eitt af markmiðum þingsályktunartillögunnar er að erlend fjárfesting skapi í gegnum framleiðsluferli sem mestan viðisauka innanlands. Til að svo megi verða, t.a.m. í orkufrekum framleiðsluiðnaði er nauðsynlegt að tryggja aðgang framleiðslufyrirtækja sem staðsett eru á landinu aðgang að þeirri orku sem hér er og verður framleidd. Hugmyndir um útflutning hennar á erlenda markaði vinna því gegn því markmiði þingsályktunartillögunnar að hámarka virðisauka í gegnum framleiðsluferli hér innanlands.

Húsavík 9. febrúar 2012

F.h. stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga,

  
Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri

**Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.**

**Garðarsbraut 5 • 640 Húsavík**

Sími: 464 0415 • Vefang: [www.atthing.is](http://www.atthing.is)